

Bórarinn Leifsson

Leikurinn



Leikurinn

Reykjavíkurborg og
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
styrktu útgáfu bókarinnar.

Leikurinn

© Þórarinn Leifsson 2010

SAFT, Heimili og skóli
Reykjavík 2010

Öll réttindi áskilin.

Texti og myndir: Þórarinn Leifsson / www.totil.com

Myndir byggðar á persónum SAFT


Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf

Í undirbúningshópi um gerð bókarinnar sátu, ásamt starfsfólki
SAFT og Heimilis og skóla: Aldís Yngvadóttir, Námsgagnastofnun; Fjóla
Þorvaldsdóttir, sérkennslustjóri á Furugrund, Kópavogi; Guðríður Skagfjörð,
Námsgagnastofnun; Jenný Ingudóttir, Lýðheilsustöð; Björg Vigfússína
Kjartansdóttir, umsjónarkennari, Ísaksskóla; Helga Huld Sigurðardóttir,
grunnskólakennari, Áslandsskóla og Elísabet Benónýsdóttir, kennsluráðgjafi
í tölvu- og upplýsingatekni, Hofsstaðaskóla.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-9984-1-9





Svalur fékk frábæra hugmynd.

Það fannst honum alla vegana sjálfum.

Hann þóttist fara að sofa.

Stóð geispandi upp frá sjónvarpinu.

Kyssti mömmu og pabba góða nótt.

– Hvað er að gerast, Svalur minn? hló pabbi. Ertu að fara að sofa svona snemma? Klukkan er ekki nema sjö!

– Æ, sagði Svalur. Ég er svo syfjaður. Búinn að læra svo mikið í skólanum í dag.

– Það er naumast, sagði mamma. Er verið að þræla þér út?

Svalur kinkaði kolli og gekk aftur á bak í áttina að herberginu sínu.

Hvað finnst þér um hugmynd Svals?

Hvað er netleikur?

- Af hverju er Svalur svona skrítinn í kvöld? hvíslaði pabbi að mömmu.
- Ég veit það ekki, hvíslaði mamma á móti. Best ég hringi í kennarann eftir helgi.
- Já, sagði pabbi. Ætli hann sé alltaf svona þreyttur í skólanum líka?

Svalur lokaði að sér. Hann fór í náttfötin. Til að vera alveg viss kallaði hann einu sinni hátt:

– Góða nótt pabbi og mamma!

Svo kveikti hann á tölvunni. Hann ræsti vafra og fór í netleik sem Þrjótur hafði bent honum á. Þetta var skotleikur með litlum hermanni sem hljóp fram og til baka á skjánum og henti sprengjum.

Svalur gleymdi sér alveg í leiknum.



Allt í einu hrökk hann við. Mamma stóð við hliðina á honum.

– Svalur minn, sagði mamma. Það er nú ekki sniðugt að byrja daginn á því að fara í tölvuna. Finnst þér það?

Svalur hafði verið í leiknum alla nóttina. Nánast án þess að taka eftir því.

Hann klæddi sig og borðaði morgunmat hálfsofandi. Pabbi keyrði Sval í skólann að þessu sinni því hann var svo seinn.

– Ertu eitthvað syfjaður í dag Svalur minn? spurði pabbi.

Þú sem fórst svo snemma að sofa.

– Nei nei, ansaði Svalur önugur.

Hvað svaf Svalur lengi?



– Þú ert í peysunni öfugri, karlinn minn, sagði pabbi. Saumarnir eru allir úthverfir. Svalur umlaði og klæddi sig úr peysunni og í hana aftur.

– Við erum orðnir allt of seinir, sagði pabbi. Ertu nokkuð að verða lasinn?

Hvað er að Sval?



Svalur ansaði ekki heldur steig út úr bílnum fyrir framan skólann.

Mikið ósköp var hann þreyttur!





Ekki tók betra við þegar hann mætti í skólastofuna, tíu mínútum of seint.

– Svalur minn, andvarpaði kennarinn.

Þú ert allt of seinn í prófið.

– Próf?! skrækti Svalur. Hvaða próf?

– Prófið í jarð-lífs-efna-fræði, sagði kennarinn.

– Jarð hvað? Ég kann ekkert í því!

– Lærðir þú ekki heima? spurði kennarinn.

**Af hverju lærði
Svalur ekki heima?**

– Nei, sagði Svalur. Ég var í tölvuleik.

– Tölvuleik! Veistu hvað kemur fyrir börn sem læra ekki heima?

– Nei.

Kennarinn kom alveg upp að Sval. Svalur fann vonda lykt. Kennarinn var andfúll. Augun í honum voru eldrauð.

– Nú skal ég segja þér, sagði kennarinn. Börn sem læra ekki heima þau ...

Hvað kemur fyrir krakka sem læra ekki heima?



– Svalur vaknaðu!

Mamma stóð yfir honum. Hann hafði verið að dreyma.


– Svalur minn, sagði hún. Það er að koma hádegi. Eins gott að það er frídagur.

Ég held að þú sért eitthvað lasinn.

Sval hafði dreymt bíltúrinn með pabba og kennarann með rauðu augun.

Þetta var leiðinlegur draumur. Framvegis ætlaði Svalur að forðast að spila tölvuleiki fram á nótt.

Hvað lærðir þú af þessari sögu?



Heilræði fyrir foreldra

1. Ræddu við barnið hvort setja eigi upp eftirlitskerfi og hvernig það á að vera stillt.
2. Gerðu samkomulag um netnotkun.
3. Geymdu aðgangsupplýsingar að tölvunni á öruggum stað og skiptu reglulega um lykilorð.
4. Notaðu ávallt öryggisforrit. Til að gæta fyllsta öryggis ættu veiruvarnaforrit, eldveggur/nettálmi, njósnavarnabúnaður, tölvupóstsiá og sprettigluggavörn ávallt að vera til staðar.
5. Notaðu netsíu sem hamlar aðgangi barna að óæskilegu efni.
6. Stilltu stýrikerfið og öryggisforrit þannig að þau sæki og setji upp nýjustu uppfærslur.
7. Hafðu tölvuna í opnu rými frekar en lokuðu herbergi.

Sjá www.saft.is.

Svalur leikur sér á netinu allar nætur.
Hann þarf líka að vakna á morgnana,
mæta í skólann og læra heima.

Einn daginn verður þetta honum ofviða.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



Reykjavíkurborg

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÉ



ISBN 978-9979-9984-1-9



9 789979 998419

S A F T
SAMFÉLAG, FJÓLSKYLDA OG TÆKNI | WWW.SAFT.IS